



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

**Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skipa starfshóp til að draga úr þjófnaði á hjólum**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 24. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 14. september 2022.:

*Í aðgerðakafla hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2021-2025, sem samþykkt var í borgarstjórn 15. júní 2021, er kveðið á um að kanna skuli leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum í samstarfi við lögreglu, tryggingafélög og grasrótarsamtök hjólreiðafólks. Lagt er til að starfshópur verði skipaður með fulltrúum þessara aðila, auk tveggja fulltrúa úr umhverfis- og skipulagsráði í því skyni að standa við markmið áætlunarinnar að þessu leyti.*

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar með bréfi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs, þann 11. janúar 2023.

Umsögn:

Í hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021 – 2025 er ein aðgerðanna sú að kannaðar verði leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum í samstarfi við lögreglu, tryggingarfélag og grasrótarsamtök hjólreiðamanna. Reykjavíkurborg hefur átt samtal við lögregluna um þetta vandamál og eru aðilar sammála um að nauðsynlegt er að leita leiða til að draga úr þjófnaði á hjólum.

Það er stefna borgarinnar að auka við vistvæna ferðamáta og eru hjólreiðar stór hluti af þeim. Því er mikilvægt að íbúar og gestir geti skilið við hjólin sín án þess að óttast það að hjólum þeirra sé stolið. Reiðhjól eru mörg hver orðin afar dýr og þá sérstaklega hjól sem ganga fyrir rafmagni.

Ef stofna á starfshóp til að draga úr þjófnaði á hjólum er nauðsynlegt að helstu hagaðilar komi að borðinu og mikilvægt að hann starfi í umboði helstu ráðamanna hagaðilanna, til að stuðla að því að niðurstaða hópsins verði til gagns.

Beðist er innilega velvirðingar á því að dregist hefur að skila inn umsögn.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri